

Aðalfundur Byggðasafns Vestfjarða

miðvikudaginn 14. maí 2024 kl. 12:00 í Faktorshúsinu í Neðstakaupstað

Mætt voru:

Arna Lára Jónsdóttir bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Jón Páll Hreinsson bæjarstjóri Bolungarvíkur, Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, Edda María Hagalín fjármálastjóri og Jóna Símonía Bjarnadóttir forstöðumaður sem ritar fundargerð

Dagskrá fundar:

1. Venjuleg aðalfundarstörf

a. Skýrsla forstöðumanns fyrir liðið starfsár

Jóna Símonía forstöðumaður leggur fram skýrslu fyrir liðið starfsár og fer yfir það helsta sem dreif á daga safnsins yfir opnunartímabilið 2023. Gestir safnsins voru tæplega 18þús, stærsti hluti þeirra voru gestir af skemmtiferðaskipum líkt og síðustu ár. Starfsmenn safnsins fóru í kynnisferð til Danmerkur á árinu sem og í farskóla safnmanna sem haldinn var í Amsterdam. Ýmsir viðburðir voru í safninu á árinu sem og heimsóknir og samstarf. Stjórn samþykkir skýrslu starfsársins 2023

b. Ársreikningur safnsins

Jóna Símonía forstöðumaður og Edda María Hagalín gerðu grein fyrir ársreikningum safnsins. Þeir lagðir fram til samþykktar. Stjórn samþykkir ársreikning fyrir 2023.

2. Önnur mál

Samþykktir safnsins Lagðar fram samþykktir safnsins með breytingum sem lagðar höfðu verið fyrir stjórn safnsins. Aðalfundur samþykkti skjalið sem undirritað var af stjórn safnsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:00